

Sp.

81. Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra um virkjun Kröflu.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Karvel Pálmasyni, Magnúsi Kjartanssyni,
Benedikt Gröndal, Geir Gunnarssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnlaugi Finnssyni,
Garðari Sigurðssyni, Jóni Árm. Héðinssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

Forseti sameinaðs Alþingis,
hr. Ásgeir Bjarnason,
Alþingi.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 115 frá 19. nóv. 1936, með síðari breytingum förum við undirritaðir alþingismenn þess á leit, að hæstvirtur iðnaðarráðherra leggi fram á Alþingi eins fljótt og við verður komið skriflega skýrslu um virkjunarframkvæmdirnar við Kröflu. Við óskum þess, að í umræddri skýrslu komi m. a. fram eftirfarandi atriði:

1. Upplýsingar um rannsóknir, sem unnar voru til undirbúnings virkjunarframkvæmdum, hver annaðist þær rannsóknir, hvenær þær fóru fram, hver var niðurstaðan og hvort hún að áliti sérfróðra ráðgjafa um virkjunarframkvæmdir hafi verið fullnægjandi til þess að byggja á ákvarðanir um gerð, stærð og vélabúnað virkjunarinnar og um framkvæmdahraða.
2. Lýsing á framkvæmdum, sem unnar hafa verið við Kröfluvirkjun, ásamt upplýsingum um ákvarðanatökur í því sambandi — þ. e. a. s. hvaða aðili tekið

hefur ákvörðun í hverju tilviki um framkvæmdir, framkvæmdaröðun, framkvæmdahraða, tækja- og vélakaup, hvaða samningar gerðir hafa verið í því sambandi og við hverja, hvaða framkvæmdir, vélar og tæki voru tekin til útbóðs og hver ekki og hvaða ráðleggingar og umsagnir ákvörðunaraðilar um virkjunarframkvæmdir hafa fengið frá sérfróðum ráðgjöfum um hvert og eitt ákvörðunatriði.

3. Hvaða áhrif, ef nokkur, eldgosíð í Leirhnjúk og annað umrót á virkjunarsvæðinu af völdum náttúruaflla fljótlega eftir að framkvæmdir hófust höfðu á framkvæmdáform vegna virkjunarinnar svo og hvaða áhrif slík umbrot eru nú talin hafa haft á gufuöflun og virkjunarmöguleika á svæðinu.
4. Hver kostnaður er orðinn við framkvæmdirnar frá upphafi — þ. e. a. s. við undirbúning og rannsóknir, hönnun, mannvirkjagerð, vélakaup, gufuöflun, lagningu á flutningslinum fyrir raforku o. þ. h. Kostnaður verði sundurliðaður þannig að sem best vitneskja fáiast um einstaka kostnaðarþætti, m. a. á þá lund, að fram komi kostnaður sem beinlínis hefur orðið vegna áherslu sem lögð hefur verið á hröðun framkvæmda, svo sem vegna álaga, sem sérstaklega hefur verið um samið að greiða verktökum í slíkum tilfellum. Jafnframt fylgi áætlun um kostnað við lúkningu þeirra framkvæmda við Kröfluvirkjun, sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.
5. Möguleikar, sem eru á nýtingu mannvirkja, véla og tækja Kröfluvirkjunar að hluta eða í heild, ýmist á virkjunarstaðnum sjálfum eða annars staðar, ásamt hugmyndum um kostnað mismunandi valkosta.

Þá er þess að lokum óskað, að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi, áður en afgreiðsla fjárlaga og lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 lýkur.

Greinargerð.

Virkjun Kröflu hefur verið sú opinbera framkvæmd, sem hvað mest og harðast hefur verið gagnrýnd á undanförunum árum. Sérfræðingar, vísindamenn, stjórnmálamenn og leikmenn hafa sitthvað fundið athugasvert við hvernig á málum hefur verið haldið, og ýmsir hafa fullyrt að um mjög alvarleg afglöp hafi verið að ræða. Sjálfar framkvæmdirnar og meðferð fjármuna í því sambandi hefur þar borið á góma, vinnubrögð, áætlanir og rannsóknir sérfróðra ráðunauta framkvæmdaaðila ekki síður, og hefur jafnvel verið fullyrt opinberlega, að sumar þær vísinda- og sérfræðistofnanir íslenskar, sem voru til ráðuneytis um virkjunarmálin, hafi ekki reynst þeim vanda vaxnar. Bæði hópar sérfræðinga og einstaklingar, sem starfa við þessar stofnanir, hafa þó gert opinberlega athugasemdir við framkvæmdirnar og varað við afleiðingunum, þótt viðhorf þeirra hafi ekki haft áhrif á afstöðu stofnananna. En þrátt fyrir þær miklu umræður, sem orðið hafa um mál þessi á umliðnum árum, hafa raunverulegar og hlutlægar upplýsingar um málsatvik, sem fram hafa komið, ekki verið jafnmiklar að vöxtum. Stendur þar gjarnan fullyrðing gegn fullyrðingu, jafnvel um einfaldar staðreyndir eins og hver hafi tekið ákvörðun, hvenær og að hverra ráðum. Allt slíkt hlýtur að sjálfsögðu að vera til skjalfest, svo auðvelt ætti að vera að skera úr um slík deilumál í eitt skipti fyrir öll.

Tímabært er nú, þegar hillir undir lok þeirra framkvæmda við Kröfluvirkjun sem ráðgerðar hafa verið, að hæstv. iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu um hvað raunverulega gert hefur verið og hvernig og hvað það hefur kostað — ekki síst þar sem um er að ræða einhverja fjárfrekustu opinbera framkvæmd sem um getur, sem auk þess er enn ekki séð hvort, hvenær og að hve miklu leyti getur sinnt þeim þörfum sem henni var ætlað að gera. Jafnframt yfirliti yfir það, sem liðið er, er nauðsynlegt, að Alþingi fái að vita hverjir eru þeir möguleikar sem til greina koma við hagnýtingu þess mikla fjármagns sem bundið er í mannvirkjum, vélum og

tækjum þessarar virkjunar, hvað þeir kosta, hvað þeir geta gefið í tekjur og hvernig þeir samræmast öðrum virkjunarfyrirlunum og raunhæfum nýtingarmöguleikum á raforku í landinu. Að sjálfsögðu er aðeins á grundvelli slíkra upplýsinga hægt að taka ákvarðanir um, hvaða leið velja skuli eða hvernig skuli á málum haldið nú, þegar afkastamikil gufuafsvirkjun er risin við Kröflu, en virkjanleg gufa ekki fyrir hendi, a. m. k. enn sem komið er, nema í litlum mæli, jarðfræðilegt ástand svæðisins óvíst og málefni virkjunarinnar því í mikilli óvissu.

Alþingi, 26. október 1977.

Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Magnús Kjartansson, Benedikt Gröndal,
Geir Gunnarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Gunnlaugur Finnsson, Garðar Sigurðsson,
Jón Árm. Héðinsson, Eggert G. Þorsteinsson.